

Enska 6. bekkur 2023-2024

Kennarar: Gylfi Már Þórðarson; Harpa Frímansdóttir; Herdís Ingvadóttir; Laufey Broddadóttir

6

Lýsing

Enska 6. bekkur 2023-2024

Áhersla er á talað mál og hlustun, lestur og ritun. Nemendur þjálfast í að skrifa stutta texta og stíla á ensku auk þess sem lestexti verður flóknari en áður. Nemendur verða þjálfaðir í að nota tungumálið á einfaldan hátt, t.d. í samskiptum og leikjum og með því að hlusta á tónlist og horfa á myndir. Áhersla er lögð á fjölbreyttar kennsluáferðir.

Kynning á námsgreininni og kennsluáferðir

Kynning á námsgreininni og kennsluáferðir:

Í ensku er lesið, hlustað, horft, rætt saman og ritað á einfaldri ensku. Við leitumst við að hafa kennslustundir líflegar, áhugaverðar og reynum að mæta nemendum á þeirra getustigi. Nemendur eru hvattir til að lesa upphátt á ensku og spjalla á ensku. Komið verður til móts við nemendur þar sem þeir eru staddir í námsgreininni. Seinfærir nemendur fá aðstoð í samráði við sérkennara og þroskaþjálfara og fundin leið eftir því hvað hentar hverju sinni. Bráðgerir nemendur fá meira krefjandi verkefni bæði í samráði við þá sjálfa og við foreldra.

Haldið er áfram þar sem frá var horfið og unnið með t.d. mánuði, liti, tölur, dýr, tímang og einföld samskipti. Grunnatriði í enskri málfræði eru æfð.

Námsáætlun

Skólaárið 2022 - 2023

Mánuður	Viðfangsefni	Hæfnivíðmið
Ágúst- september	Yes we can kafli 1 Málfræðiæfingar	Flutt atriði, sagt stutta sögu eða lesið upp eigin texta sem hann hefur haft tækifæri til að æfa.
Október	Málfræðiæfingar. RFA Halloween	Samið stuttan texta frá eigin brjosti með stuðningi mynda, hluta, tónlistar og svo frv.
Nóvember	Leska kafla, glósa, ræða, myndasaga, mynd og fleira Lesskilningspróf	Fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu.
Desember	Hlustunarpróf (kennari les stuttan kafla á ensku, nemendur hlusta vel og reyna ná innihaldinu með stuttum setningum) Yes we can kafli 3 Yes we can kafli 4	Fylgt meginþræði í einföldum frásögnum um kunnulegt efni með stuðningi, t.d. á myndum, hlutum eða líkamsmáli og nýtt sér upplýsingarnar í eigin verkefni.
Janúar	Hlaupastíll, Málfræðiæfingar.	Tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar.
Febrúar	Málfræðiæfingar Yes we can kafli 5	Skrifað texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við með stuðningi frá mynd, hlut eða gátlista.
Mars	Þemabók Yea we can kafli 6	Lesið sér til gagns og gamans stuttar, einfaldar bækur og fræðsluefni fyrir börn og unglina og rætt efni þeirra með stuðningi kennara eða skólasystkyna.

Verkefni um eigið líf. Nemendur fá spurningar um eigið líf og skólamál. Svára þeim munnlega eða skriflega. Viðtöl hvert við annað.

Apríl

Dogs at work, ljósrit.

Málfræðiæfingar

Tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar.

Maí Keiko (RFA) - umræður - spurningar - myndin Free Willy

Skrifað texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við með stuðningi frá mynd, hlut eða gátlista

Grunnþættir menntunar

Grunnþættir menntunnar:

Læsi:

Að nemendur geti lesið einfalda texta til að þjálfá og auka orðaforða þeirra.

Sköpun:

Að nemendur vinni skapandi verk í tengslum við þjálfun nýrra orða, setninga og orðasambanda. Að nemendur fái tækifæri til að uppgötva og njóta þess að læra nýtt tungumál.

Jafnrétti:

Allir nemendur fái að taka virkan þátt í náminu með því að fá að tjá sig á sínum forsendum. Nemendur þjálfist í að hlusta á aðra tjá sig.

Námsmat

Námsmat er jafnt og þétt yfir veturinn. Hæfniviðmið eru metin með margbreytilegum verkefnum, svo sem munnlegum og skriflegum æfingum, hlustun og samvinnuverkefnum og mun birtast á Mentor. Hefðbundnari kannarnir eru einnig gerðar úr enskri málfræði.

Hæfniviðmiðin eru metin með táknum sem standa fyrir eftirfarandi: Frammúrskarandi - hæfni náð - á góðri leið - þarfnast þjálfunar - hæfni ekki náð. Eftir hvert tímabil eru einhver hæfniviðmið metin. Ýmist með verkefnum eða könnunum.

Hæfniviðmið geta verið metin oft yfir árið. Lykilhæfni nemenda er metin út frá vinnuframlagi, verkefnum, framkomu og eljusemi.

Lokaeinkunn er gefin í A, B+ B, C+, C og D sem birtist inni á Mentor.

Hlutverk og vinnulag nemandans

Samskipti	Einkunnarorð skólans, virðing, ábyrgð og vellíðan eru höfð að leiðarljósi. Samskipti skulu einkennast af gagnkvæmri virðingu og tillitssemi.
Mæting	Nemendur skulu mæta stundvíslega í kennslustund.
Virgni í tímum	Nemendur skulu taka þátt í þeim verkefnum sem þeim eru sett fyrir.
Heimavinna	Nemendur vinna þau verkefni sem sett eru fyrir heima. Getur einnig komið til vegna veikinda, leyfa, tónlistartíma og fleira.
Ábending um hjálpargögn fyrir nemendur	MMS.is
Stoðþjónusta nemenda	Stoðþjónusta nemenda er skipulögð hverju sinni í samráði við sérkennara, þroskaþjálfá og stuðningsfulltrúa.
Skyldur nemenda	Nemendur skulu fara eftir bekkjarsáttmálum Unnið er að því að nemendur öðlist hæfni til að geta unnið sjálfstætt, í samstarfi við aðra og undir leiðsögn. Áhersla er á að nemendur leggi sig fram um að vera virkir þátttakendur í skólastarfinu og eiga jákvæð samskipti við aðra.
Skyldur kennara	Kennarar skulu sýna nemendum gagnkvæma virðingu, aðstoða við úrlausn verkefna og mæta nemendum þar sem þeir eru

staddir.

Sel - enska 6. bekkur

- **Hæfni á námssviði**

Sel - enska 6. bekkur - Hlustun

- Fylgt meginþræði í einföldum frásögnum um kunnuglegt efni með stuðningi, t.d. af myndum, hlutum eða líkamsmáli og notað sér upplýsingarnar í eigin verkefni.

Sel - enska 6. bekkur - Lesskilningur

- Fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu.
- Lesið sér til gagns og gamans stuttar, einfaldar bækur og fræðsluefni fyrir börn og unglinga og rætt efni þeirra með stuðningi kennara eða skólasystkina

Sel - enska 6. bekkur - Samskipti

- Tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar.

Sel - enska 6. bekkur - Frásögn

- Flutt atriði, sagt stutta sögu eða lesið upp eigin texta sem hann hefur haft tækifæri til að æfa.

Sel - enska 6. bekkur - Ritun

- Skrifað texta með orðaförða úr efnisflokkum sem fengist er við með stuðningi frá mynd, hlut eða gátlista.
- Samið stuttan texta frá eigin brjósti með stuðningi mynda, hluta, tónlistar o.s.frv.

Sel - enska 6. bekkur - Tjáning og miðlun

- Tekið virkan þátt í samræðum og rökræðum og notað af öryggi viðeigandi orðaförða og hugtök.
- Hlustað af athygli á aðra og tjáð eigin hugsanir, skoðanir og þekkingu skýrt og áheyrilega.

Sel - enska 6. bekkur - Sjálfstæði og

samvinna

- Unnið mjög vel eftir fyrirmælum, farið eftir leiðsögn á jákvæðan hátt og unnið mjög sjálfstætt.